



247. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 25. júní 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

- Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP**
- Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB**
- Ólafur Guðmundsson, ÓG**
- Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF**
- Lárus Ástmar Hannesson, LÁH**
- Berglind Axelsdóttir, BA**
- Davíð Sveinsson, DS**
- Guðmundur Andrésson, fundarritari**

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 450, dags. 18.06.2009.

Fundargerðir nefnda.

Liður 1 Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 04.06.2009 (59. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Gjaldskrármál.

Samþykkt að hækka gjaldskrá Stykkishólmshafnar um 11,6%, í takt við hækkun vísitölu neysluverðs að kranagjaldi undanskildu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Flotbryggjur.

Samþykkt að óska eftir fundi með Siglingastofnun vegna flotbryggju og sjórofs.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Siglingastofnun að framkvæmdum við flotbryggju í höfninni verði flýtt og einnig að sett verði í samgönguáætlun tvær flotbryggjur til viðbótar og að eldri flotbryggjur verði endurnýjaðar. Ennfremur að óskað verði eftir því að hefja framkvæmdir við sjórof við Maðkavík.

Liður 5 Umsóknir skilti.

Samþykkt að útlit skilta við höfnina verði samræmt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku, Lárus, Erla Fundargerð samþykkt.

Liður 4 fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 25.05.2009 (54. fundur).
Fundargerð framlögð, samþykkt að úthluta Guðrúnu Hörpu Gunnarsdóttur íbúðina að Skúlagötu 9, 2. hæð t.v. og fundargerð samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 19.05.2009 (117. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 deiliskipulagstillaga af tjaldstæði og golfvelli.

Deiliskipulagstillaga af tjaldstæði og golfvelli lögð fram að nýju sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektastofu OG, dags. 10.02.2009.

Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Athugasemdarfrestur var til og með 28. apríl s.l.. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga dags. 10.02.2009 verði samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 deiliskipulagsbreyting á frístundabyggð við Arnarborg.

Deiliskipulagstillaga af breytingum á deiliskipulagi frístundabyggðar við Arnarborg dags. 28.08.08 lögð fram að nýju. Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Athugasemdarfrestur var til og með 14. maí 2009. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til að tillagan um breytingu á deiliskipulagi dags. 28.08.2008 verði samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Lágholt 12, utanhússklæðning.

Einar Ragnarsson sækir um að klæða útveggi húss og bílskúrs með standandi útveggjaklæðningu sbr. erindi dags. 7. maí 2009.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Víkurflöt 7, viðbygging og bílskúr.

Þórgímur R. Kristinsson og Gerður H. Sigurðardóttir sækir um að byggja viðbyggingu við íbúðarhúsið og að byggja bílskúr sbr. teikningar frá Verkfræðistofu EK, dags, maí 2009.

Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir Víkurflöt nr. 5, 6, 8 og 9.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku, Davíð, Gretar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Sundabakki 1, viðbygging.

Björn Benediktsson og Árpóra Steinarsdóttir óska eftir að loka sundi milli húss og bílskúrs og stækka baðherbergi samkvæmt teikningum dags. 19.05.2009.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Gretar sat hjá vegna tengsla..

Liður 7 Silfurgata 27, staðsetning á gámi.

María Inga Hannesdóttir óskar eftir að staðsetja tímabundið 20 ft. geymslugám á bílastæði við lóðamörk Silfurgötu 27 vegna byggingaframkvæmda.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 6 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 15.06.2009 (118. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 Lágholt 23. Viðbygging.

Hafdís Bjarnadóttir Lágholti 23 sækir um að stækka bílskúr á jarðhæð hússins að sunnanverðu og hafa svalir ofan á viðbyggingu samkvæmt teikningum frá EK dags. sept. 2008. Stærðir 28,3 m², 73,9 m³. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigenda Lágholts nr. 25. Engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Endurskoðun á umferðahraða í landi Stykkishólmsbæjar. Stykkishólmsbær leggur fram tillögur af breytingu á umferðahraða sem gerð var í samvinnu við Vegagerðina, sbr. tillögu dags. 10.06.2009. Nefndin mælir með tillögunni en leggur jafnframt áherslu á að tryggja öryggi gangandi vegfarenda í grennd við leikskólann.

Samþykkt að leita eftir umsögn umferðarverkfræðings hjá Vegagerðinni.

Til máls tóku, Lárus, Gretar, Erla, Ólafur, Davíð, Beglind.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 11 fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 20.05.2009 (101. fundur), (www.breidafjordur.is).

Framlagt.

Breiðafjarðarnefnd er bent á að leita eftir samstarfi við hafnarstjórn og að útlit skilta við höfnina skuli vera samræmt og í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um útlit og staðsetningu auglýsingaskilta.

Til máls tóku Davíð, Gretar.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Gunnars Svanlaugssonar, skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi, dags. 10.06.2009 varðandi kennslukvóta skólaárið 2009-2010 og endurskoðun á kostnaðarþáttum vegna flutnings 1.-4. bekkjar á Borgarbraut.

Kennslukvóti samþykktur fyrir skólaárið 2009-2010. Tekin er ákvörðun um kostnað vegna flutnings, þegar tilboð liggja fyrir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf Umf. Snæfells, dags. 10.06.2009 varðandi styrk vegna húsaleigu.

Samþykkt að veita Snæfelli 250.000 kr. viðbótarstyrk á þessu ári. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku Lárus, Gretar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Davíð sat hjá vegna tengsla.



Liður 29 tölvupóstur 4. fl. kvenna HSH í knattspyrnu, dags. 15.06.2009 varðandi styrk vegna Gothia Cup.

Bæjarráð bendir á að styrkir á héraðsvísu er á vegum Héraðsnefndar Snæfellinga.

**Til máls tók Lárus, Gretar, Erla, Berglind, Davíð.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 30 bréf 3.-7. flokks HSH í knattspyrnu, ódags. varðandi styrk.

Bæjarráð bendir á að styrkir á héraðsvísu er á vegum Héraðsnefndar Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 umsókn Martins Markvoll, dags. 03.06.2009 varðandi launalaust leyfi.

Samþykkt að veita Martin Markvoll launalaust leyfi í eitt ár, á grundvelli liðar 8.1. í kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við félag tónlistarkennara.

**Til máls tóku Lárus, Gretar, Elísabet.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 32 tölvupóstur Hreins Þorkelssonar, dags. 02.06.2009 varðandi beitarland.

Stykkishólmsbær hefur ekki beitarland til úthlutunar, en bent er á Nýræktarfélagið og Hefst.

**Til máls tók Lárus.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 33 bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 29.05.2009 varðandi umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn að Nesvegi 1 Stykkishólmi.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við endurnýjun rekstarleyfis fyrir veitingastaðinn að Nesvegi 1.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 bréf Siglingastofnunar Íslands, dags. 11.05.2009 varðandi verndaráætlun hafnar.

Erindinu vísað til hafnarstjórnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 bréf Icefitness ehf., dags. maí 2009 varðandi umsókn um styrk



vegna Skólahreysti 2009.

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 36 tilnefning fulltrúa í byggingarnefnd vegna nýbyggingar grunn- og tónlistarskóla við Borgarbraut.

Samþykkt að skipa bygginganefnd. Nefndina skipa skólastjóri Grunnskólans, skólastjóri Tónlistarskóla, umsjónarmaður fasteigna, einn fulltrúi D-lista og einn fulltrúi L-lista. Tilnefndir eru: Gunnar Svanlaugsson skólastjóri Grunnskóla, Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla, Bergur Hjaltalín umsjónarmaður fasteigna, Gretar D. Pálsson fulltrúi D-lista og Lárus Ástmar Hannesson fulltrúi L-lista.

Til máls tóku Davíð, Erla, Gretar, Berglind.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 skýrsla: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.

Samþykkt.

Til máls tók Gretar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 samningur vegna skráningar mynda í Ljósmyndasafni Stykkishólms.

Samningur framlagður og samþykktur.

Til máls tók Lárus og sagðist fagna afgreiðslu málsins.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 04.06.2009.

Til máls tóku Gretar, Davíð.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 02.06.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 28.05.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 25.05.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.



- 2.5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 19.05.2009 og 15.06.2009.**
Fundargerðir framlagðar og samþykktar fyrr á fundinum.
- 2.6. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 13.05.2009.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 3. Kosningar skv. 15. og 16. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.**

Til eins árs:

a) Forseti bæjarstjórnar

Gretar D. Pálsson var kosinn samhljóða.

b) Fyrsti varaforseti

Elísabet L. Björgvinsdóttir var kosin samhljóða.

c) Annar varaforseti

Davíð Sveinsson var kosinn samhljóða

d) Tveir skrifarar og tveir skrifarar til vara

Aðalfulltrúar:

Ólafur Guðmundsson

Lárus Á. Hannesson

Varafulltrúar:

Erla Friðriksdóttir

Berglind Axelsdóttir

Samþykkt samhljóða

Kosning skrifara:

- 4. Kosningar skv. 57. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.**

Bæjarráð:

Aðalfulltrúar:

Gretar D. Pálsson

Elísabet L. Björgvinsdóttir

Lárus Á. Hannesson

Samþykkt samhljóða

Varafulltrúar:

Ólafur Guðmundsson



Erla Friðriksdóttir
Berglind Axelsdóttir
Samþykkt samhljóða

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðalfulltrúar:
Gretar D. Pálsson
Elísabet L. Björgvinsdóttir
Lárus Á. Hannesson
Samþykkt samhljóða

Varafulltrúar:
Ólafur Guðmundsson
Erla Friðriksdóttir
Berglind Axelsdóttir
Samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 17:50
Guðmundur Andrésson